



Reykjavík, 4. júní 2020
SFS2019040039
185. fundur
HG/sp/ss/gS

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga að breytingum á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu frístundaheimila

Skóla- og frístundasvið hefur að undanfögnu unnið að endurskoðun á reglum um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar:

Í 3. mgr. 4. gr. þar sem fjallað er um forgang að frístundaheimili er lagt til að liður c, um að hægt sé að sækja um forgang fyrir börn sem búið hafa skemur en tvö ár á Íslandi, verði felldur út.

Ákvæðið er svohljóðandi:

Hægt er að sækja um forgang í frístundaheimili vegna:

- a) **Fatlaðra barna.** Þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna vegna barna sem njóta forgangs vegna fötlunar. Staðfesting frá viðurkenndum greiningaraðila og/eða frá velferðarþjónustu skal fylgja umsókn.
- b) **Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum.** Starfsmenn þjónustumiðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna svo og námsráðgjafar eða deildarstjórar yngsta stigs grunnskóla, með samþykki foreldra, geta sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytinga á fjölskylduhögum.
- c) **Barna sem hafa búið skemur en 2 ár á Íslandi.** Fylgja þarf staðfesting frá grunnskóla barnsins um upphafsdag skólavistar á Íslandi.
- d) **Barna starfsfólks frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva borgarinnar.** Starfsmaður sækir um forgang hjá forstöðumanni þess frístundaheimilis þar sem barnið mun dvelja. Forgangur fellur úr gildi láti starfsmaður af störfum og gilda þá sömu reglur um hann og aðra við innritun. Ekki er tryggt að starfsmaður njóti óbreyttrar þjónustu hætti hann störfum áður en röðin er komin að börnum hans skv. reglunum.

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Hægt er að sækja um forgang í frístundaheimili vegna:

- a) **Fatlaðra barna.** Þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna vegna barna sem njóta forgangs vegna fötlunar. Staðfesting frá viðurkenndum greiningaraðila og/eða frá velferðarþjónustu skal fylgja umsókn.
- b) **Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum.** Starfsmenn þjónustumiðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna svo og námsráðgjafar eða deildarstjórar yngsta stigs grunnskóla, með samþykki foreldra, geta sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytinga á fjölskylduhögum.
- c) **Barna starfsfólks frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva borgarinnar.** Starfsmaður sækir um forgang hjá forstöðumanni þess frístundaheimilis þar sem barnið mun dvelja. Forgangur fellur úr gildi láti starfsmaður af störfum og gilda þá sömu reglur um hann og aðra við innritun. Ekki er tryggt að starfsmaður njóti óbreyttrar þjónustu hætti hann störfum áður en röðin er komin að börnum hans skv. reglunum.

Í 5. mgr. í gr. 6.b er gerð leiðrétting.

Ákvæðið er nú svohljóðandi:

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem samkvæmt þjóðskrá hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn *á leikskóla.*

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem samkvæmt þjóðskrá hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn *í frístundaheimili.*

Í 1. mgr. 12. gr. er lagt til að bætt verði við viðmiðum um fjölda barna á starfsmenn í sumarstarfi:

Ákvæðið er nú svohljóðandi:

Hver starfsmaður frístundaheimilis skal að jafnaði hafi umsjón með 13 börnum í 1. bekk og 16 börnum í 2. – 4. bekk.

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Hver starfsmaður frístundaheimilis skal að jafnaði hafi umsjón með 13 börnum í 1. bekk og 16 börnum í 2. – 4. bekk *í vetrarstarfi en í sumarstarfi frístundaheimila skulu starfsmenn að jafnaði hafa umsjón með 8-10 börnum.*

Í 2. mgr. 12.gr. er lagt til að ákvæðinu verði breytt með tilliti til breytinga á 1. mgr. 12. gr., ákvæðið er svohljóðandi:

Undirbúningstími forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns skal vera að lágmarki tíu klukkustundir á viku og skal sá tími falla utan opnunartíma frístundaheimilisins.

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Undirbúningstími forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns í *vetrarstarfi* skal vera að lágmarki tíu klukkustundir á viku og skal sá tími falla utan opnunartíma frístundaheimilisins.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða í lok reglnanna verði fellt út þar sem það á ekki við lengur.

Breytingarnar taki gildi 1. júlí 2020.

Greinargerð:

Hér er lagt til að gerðar verði breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um þjónustu frístundaheimila.

Lagt er til að forgangur barna sem hafa búið hafa skemur en tvö ár á Íslandi verði felldur niður í kjölfar ábendinga frá deildarstjórum barnastarfs sem telja ekki alltaf vera ástæðu til forgangs þó svo að börn hafi búið á Íslandi skemur en tvö ár. Ef barn er í erfiðum félagslegum aðstæðum vegna þess að þau eru nýlega flutt til landsins geta þau fengið forgang á frístundaheimili á grundvelli liðar b í gr. 4 um forgang að frístundaheimili.

Aðrar breytingar skýra sig sjálfar.

Ekki er gert ráð fyrir breytingarnar leiði til aukins kostnaðar hjá skóla- og frístundasviði.